

Kjósarhreppur auglýsir skv. 41 og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breyting á deiliskipulagi í landi Eyja II í Kjósarhreppi

Samþykkt var í sveitarstjórn Kjósarhrepps 2. maí 2019 að breyta deiliskipulaginu: “Sumarbústaðir, þjónustumiðstöð og tjaldstæði í Landi Eyja II”, dags. í júní 1988.

Breyting deiliskipulagsins felur í sér að skilgreina lóðir fyrir frístundahús, Eyjavík 14, í stað þjónustumiðstöðvar og tjaldstæðis. Afmörkun byggingarreyta á Eyjavík 9, 11, 13 og 14 breytist.

Þá voru settir voru skilmálar um lóðastærðir og byggingarmagn.

Deiliskipulagstillagan verður til sýnis í anddyri hreppsskrifstofu Kjósarhrepps í Ásgarði frá og með föstudeginum 24. maí 2019 til 12. júlí 2019. Tillögurnar verða jafnframt birtar á heimasíðu Kjósarhrepps, kjos.is. Athugasemdir eða ábendingar vegna deiliskipulagstillögunnar skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 4. júlí 2019. Póstlagðar athugasemdir berist á skrifstofu Kjósarhrepps að Ásgarði Kjós, 276 Mosfellsbæ, eða með tölvupósti á netfangið skipulag@kjos.is

Kjósarhreppur 21.05 2019

Sigurður H. Ólafsson

Skipulags- og byggingarfulltrúi Kjósarhrepps